

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 69/2003

frá 20. júní 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/7/EB frá 24. janúar 2003 um breytingu á skilyrðum fyrir leyfi fyrir kantaxantíni í fœðri í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 162/2003 frá 30. janúar 2003 um að leyfa aukefni í fœðri ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 35. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2188/2002) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

- „36. **32003 L 0007**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/7/EB frá 24. janúar 2003 um breytingu á skilyrðum fyrir leyfi fyrir kantaxantíni í fœðri í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE (Stjtið. EB L 22, 25.1.2003, bls. 28).
37. **32003 R 0162**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 162/2003 frá 30. janúar 2003 um að leyfa aukefni í fœðri (Stjtið. EB L 26, 31.1.2003, bls. 3).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 22, 25.1.2003, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 26, 31.1.2003, bls. 3.

Texti tilskipunar 2003/7/EB og reglugerðar (EB) nr. 162/2003 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
P. Westerlund
formaður*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.